

Heimilisfræði 7. bekkur vetur 2022-2023

Kennarar: Sigfíður Jódís Halldórsdóttir

7

Lýsing

Tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tengsl þeirra við heilsufar. Farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi. Unnið sjálfstætt og matreitt einfaldar og hollar máltíðir, og notað til þess algengustu eldhúsahöld. Kunni skil á 4 bakstursaðferðum. Skilið og rætt umbúðamerkingar, metið útlit og gæði matvæla, hvernig á að geyma þau. Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.

Vinna ýmist tveir saman eða í smærri hópum.

2 bóklegir tímar á mánuði.

Mat: Símat

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Kennslustundir hefjast á innlögn kennara á viðfangsefni tímans.

Því næst vinna nemendur saman í tveggjamanna hópum við matreiðslu eða bakstur eftir því sem við á undir stjórн kennara.

Stundum eru unnin skrifleg verkefni í vinnubókum.

Að lokum ganga nemendur frá í kennslueldhúsinu og lögð er mikil áhersla á góðum frágangi og umgengni í eldhúsinu.

Námsaðlögun

Komið er til móts við hvern nemanda eins og þarf með einstaklingsmiðuðum áætlunum.

Námsmat

Námsmat er margþætt og byggist á nokkrum þáttum.

Skráð námsmat í Mentor er tvíþætt. Annars vegar eru hæfnivíðmið metin sífellt yfir skólaárið og hins vegar fá nemendur lokamat í hverri námsgrein tvívar á skólaárinu.

Einkunnaskali sem notaður er til að meta viðmið úr námskrám er eftirfarandi:

- * Framúrskarandi
- ∨ Hæfni náð
- ◊ Á góðri leið
- Þarfnast þjálfunar
- X Hæfni ekki náð

Námsmat sem notað er sem lokamat er:

- A = Framúrskarandi
- B+ = Mjög góð hæfni og frammistaða
- B = Góð hæfni og frammistaða
- C+ = Á góðri leið
- C = Sæmileg hæfni og frammistaða
- D = Hæfni og frammistöðu ábótavant

VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

VS Heimilisfræði 7 bekkur.

- **Samantekt**

- Gert sér grein fyrir helstu kostnaðarliðum við heimilishald.
- Tjáð sig um ólíka siði og venjur, og þjóðlegar íslenskar hefðir í matargerð.
- Tjáð sig um ólíka siði og venjur, og þjóðlegar íslenskar hefðir í matargerð.

VS Heimilisfræði 7 bekkur. - Matur og lífshættir

- Tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tengsl þeirra við heilsufar.
- Tjáð sig um aðalatriði næringarfræðinnar.
- Farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi.

VS Heimilisfræði 7 bekkur. - Matur og vinnubrögð

- Matreitt einfaldar og hollar máltíðir og nýtt hráefnið sem best.
- Nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga er varða matreiðslu, næringarfræði.
- Umgengni og framkoma til fyrirmynadar
- Unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúsahöld.
- Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágana á vinnusvæði.
- Greint frá helstu orsökum slysa á heimilum og hvernig má koma í veg fyrir þau.
- Kunni skil á algengustu bakstursaðferðum.

VS Heimilisfræði 7 bekkur. - Matur og umhverfi

- Skilið og rætt mismunandi umbúðamerkingar. Metið útlit og gæði matvæla og útskýrt hvernig á að geyma þau.